

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1807  
komudagur 28.3.2011

## Álit

um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur að beiðni heilbrigðisnefndar fjallað um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, þskj. 376, 310. mál. Meiri hlutinn telur ótímabært að skipa starfshóp til að semja lagafrumvarp um staðgöngumæðrun. Meiri hlutinn telur hins vegar mikilvægt að skoðuð séu þau álitamál sem tengjast staðgöngumæðrun, þ.m.t. siðferðileg, heilsufarsleg, félagsleg og fjárhagsleg atriði. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að huga að löggjöf og reynslu nágrannalandanna hvað varðar málefnið. Meiri hlutinn mælir því ekki með samþykkt tillögunnar óbreyttrar.

Alþingi, 24. mars 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form.  
Ólafur Þór Gunnarsson.  
Jónína Rós Guðmundsdóttir.  
Þórunn Sveinbjarnardóttir.  
Lilja Rafney Magnúsdóttir.